



HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS

SUÐURLANDSBRAUT 24 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 696900

Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 565

Reykjavík, 12. desember 1992.

komudagur 14 / 12 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis,
Hr. Vilhjálmur Egilsson, formaður,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Meðfylgjandi ályktanir varðandi skerðingu vaxtabóta og jöfnun húsnæðiskostnaðar voru samþykktar á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 10. desember sl. Þær eru sendar yður hér með.

Virðingarfyllst,
f. h. húsnæðismálastjórnar,

Björgvinur Þ. Þorvarðsson

Afrit send:

- Félagsmálaráðherra.
- Félagsmálanefnd Alþingis.

Ályktanir, samþykktar á fundi húsnæðismálastjórnar 10. desember 1992.

I.

ÁFORM UM SKERÐINGU VAXTABÓTA.

Um margra ára skeið hefur verið fyrir hendi sérstakur stuðningur samfélagsins við húsbyggjendur og kaupendur vegna vaxtakostnaðar þeirra, ýmist með beinni lækun skatta eða með endurgreiðslu á tilteknum hluta hans eins og nú er, þ.e. vaxta- og húsnæðisbótum. Í umræðum upp á síðkastið hefur verið rætt um að skerða þessar bætur, jafnframt því að hækkaðir verði vextir á húsnæðislánum Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna.

Ljóst er, að ráðstöfunartekjur almennings í landinu munu lækka verulega á næstunni frá því sem verið hefur, um leið og atvinna dregst saman og atvinnuleysi eykst. Möguleikar húsbyggjenda og kaupenda til að standa í skilum vegna íbúða sinna versna því mjög af þeim sökum. Skerðing vaxtabóta til viðbótar, breytir aðstæðum þeirra enn til hins verra.

Þeir gengust undir greiðslumat og voru í góðri trú um fjárhagslega getu sína þegar ráðist var í framkvæmdir. Hafa verður í huga í þessu sambandi hinn mikla áróður, sem rekinn hefur verið í seinni tíð, allt frá tilkomu húsbrefakerfisins, um að fólk fari ekki út í byggingu eða kaup á húsnæði nema með fullu öryggi.

Húsnæðismálastjórn varar sterklega við afleiðingum vaxtabótaskerðingar hjá eignarlitlum fjölskyldum með lág eða miðlungslaun, sem nú þegar eru á mörkum þess að ráða við greiðsluskuldbindingar sínar.

Afleiðingar slíkra aðgerða munu koma fram í auknum vanskilum við byggingarsjóðina, og afkoma þeirra og möguleikar til að standa við áætlanir sínar versna.

II.

JÖFNUN HÚSNÆÐISKOSTNAÐAR.

Ekki hefur verið fyrir hendi sá samfélagslegi stuðningur við leigjendur sem vaxta- og húsnæðisbætur hafa verið húsbyggjendum og kaupendum. Brýnt er orðið að jafna þennan mun og mun vera í undirbúningi að taka upp húsaleigubætur eða húsnæðisstyrki. Ströng skilyrði húsbrefakerfisins um eigið fé og tilteknar tekjur við mat á greiðslugetu gera að verkum, að þeim mun að líkindum fjölga, sem ekki komast í eigið húsnæði við upphaf búskapar.

Því hvetur húsnæðismálastjórn til þess, að hraðað verði lagasetningu um húsaleigubætur eða húsnæðisstyrki, og er í því efni vísað til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.